

Úttekt hjá Akureyrarbæ vegna skráðra skuldabréfa

Þann 26. janúar sl. gerði Fjármálaeftirlitið úttekt á framkvæmd reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja hjá Akureyrarbæ árið 2006. Þess ber að geta að um mjög takmarkaða útgáfu skráðra skuldabréfa er að ræða og lítil sem engin hreyfing verið á eftirmarkaði með bréfin.

Farið var m.a. yfir skipan og starfssvið regluvarðar, viðmið stjórnar um fruminnherja og stjórnendur og innherjalistar skoðaðir.

Það er niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að regluvarsla hjá Akureyrarbæ sé í ágætis horfi miðað við umfang skuldabréfaútgáfunnar. Þó eru ákveðin atriði sem þarf að bæta til að framkvæmd reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé eins og best verður á kosið.

Nánari upplýsingar veitir Árni Huldar Sveinbjörnsson hjá Fjármálaeftirlitinu.